

Foreldraráð Núps - fundargerð

Fundur nr.: 1 skólaárið 2019/2020.

Staður: Núpalind 3

Dagsetning: 9. október 2019

Tími kl. 15:30-16:30

Fundarritari: Arnheiður

Mættir: Anna Jóna (f) Arnheiður (f) – Þórhalla Rein (f) Svana Kristinsdóttir(s) Hólfríður Óskarsdóttir(s) og Eva Pálsdóttir (s).

Dagskrá: Verkefni skólaársins.

1. Fundarmenn kynntu sig og skiptu með sér verkum fyrir veturinn.
2. Starfsreglur foreldraráðs eru á netinu/heimasíðu leikskólans, fundarmenn kynna sér þær.
3. Starfsáætlun á eftir áætlun vegna forfalla í starfsmannahópnum á síðasta skólaári. Mat og áætlanir á eftir að vinna úr.
4. Skólalóðin – er hægt að þrýsta á lagfærinu t.d. foreldraráðið? Lagfæring er á áætlun hjá bænum. Foreldraráð Dals var þrýsti á bæinn þ.a. lóðin var tekin fyrir fyrir en áætlað var. Svana sagði frá því að búið væri að vinna aðeins í hljóðvist í húsinu en þarf að vinna meira í henni. Á leikskólanum eru 93 nemendur. Áhættumat hefur verið gert. Umræður um lóðina. Hálf myndast víða á lóðinni og þá þarf að kalla til aðila frá Kópavogsbæ. Í þannig ástandi er mikið álag á aðila í bænum. Rætt um bílastæðamál í kringum leikskólann sem eru ekki í góðum málum. Engin ákveðin stæði tilheyra leikskólanum. Það sem þarf helst að leggja áherslu á og þarfnast úrbóta eru hljóðvist og bílastæðamál.
5. Atvikaskráning er gerð þegar slys eiga sér stað á nemendum og starfsmönnum.
6. Fundartími verður á miðvikudögum annan hvern mánuð. Næsti fundur verður í desember.